

Ed.

26. Frumvarp

til laga um stækkun verslunarlóðar Ísafjarðar.

Flutningsmaður: Magnús Torfason.

Verslunarlóð Ísafjarðar skal auk jarðarinnar Eyrar (með Stakkanesi) einnig ná yfir jörðina Seljaland.

Greinargerð:

Síðan sildveiðar hófust á Ísafirði hafa verið mældar út lóðir undir sildstöðvar með mestallri fjörunni í Seljalandslandi, sem er eign bæjarins, en í Eyrarhreppi. Á tvær þessara lóða eru þegar settar sildaroliuverksmiðjur og tæki til lýsisbræðslu og fyrirsjáanlegt, að lóðir þessar verða notaðar til fiskverslunar, kola- og saltverslunar. Er því bráð nauðsyn á að stækka verslunarlóðina, eins og gert er í ofangreindu frumvarpi.

Verslunarlóðin var síðast stækkuð með lögum nr. 30, 9. júlí 1909. Um verslunarlóð í Hnifsdal gilda lög 22. nóv. 1907.